

Stjórnartíðindi

2005 - B-deild - B120-123

Útgáfa 1.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfunduð skjalsins prentteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

Stjórnartíðindi

B 120-123

Nr. 900-919

2005

Efnisyfirlit B 120–123 2005

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
900	7. okt.	Auglýsing um deiliskipulag á Akranesi	1901
901	12. okt.	Reglugerð um (2.) breytingu á reglugerð nr. 934/2004 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á blómum, trjám o.fl.	1902
902	11. okt.	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík	1902-1903
903	11. okt.	Reglugerð um skipulag og starfsemi Landbúnaðarstofnunar	1904-1905
904	12. okt.	Reglugerð um flug loftfara í millilandaflugi um íslenska loft-helgi	1906-1909
905	14. okt.	Auglýsing um áréttað bann við innflutningi frá Kína, Tæ-landi, Malasíu, Vietnam, Kambódíu, Indónesíu, Laos, Pakistan, Norður-Kóreu, Hong Kong, Rúmeníu og Tyrk-landi vegna Avian Influensu eða fuglaflensu	1909-1910
906	17. okt.	Auglýsing um deiliskipulag á Akranesi	1910
907	5. okt.	Reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum	1911-1919
908	28. sept.	Reglugerð fyrir Hitaveitu Fjarðabyggðar	1919-1924
909	28. sept.	Gjaldskrá Hitaveitu Fjarðabyggðar	1925-1927
910	8. okt.	Auglýsing ríkisskattstjóra nr. 9/2005 um reglur ríkisskatt- stjóra um lækkun fyrirframgreiðslu sérstaks tekjuskatts ársins 2006	1928
911	10. okt.	Auglýsing um nýtt deiliskipulag frístundarbyggðar Hellis- valla, 1. áfanga, Hellnum, Snæfellsbæ	1929
912	4. okt.	Auglýsing um deiliskipulag iðnaðarsvæðis við Innra Klif, Ólafsvík, Snæfellsbæ	1929
913	3. okt.	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi Valla 2. áfanga, Drekavellir 18, Hafnarfirði	1929
914	4. okt.	Gjaldskrá aukastöðugjalda og stöðubrota á Akureyri	1930
915	6. okt.	Samþykkt um breytingu á samþykktum Veiðifélags Blöndu og Svartár nr. 389/2005	1930
916	4. okt.	Reglugerð um (2.) breytingu á reglugerð nr. 939/2003 um útreikning, endurreikning og uppgjör tekjutengdra bóta og vistunarframlags frá Tryggingastofnun ríkisins	1931
917	7. okt.	Auglýsing um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi	1931
918	3. okt.	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Hafnar- fjarðar, Kirkjuvegur nr. 7, Hafnarfirði	1932
919	4. okt.	Samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn Fljótsdalshér- aðs og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 1062/2004	1932

STJÓRNARTÍÐINDI B 120 – 2005

7. október 2005

1901

Nr. 900

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Akranesi.

Breyting á deiliskipulagi Jaðarsbakka, 1. áfanga á Akranesi.

Á fundi bæjarráðs Akraness í umboði bæjarstjórnar sem haldinn var þann 23. júní 2005, var samþykkt deiliskipulagsbreyting vegna 1. áfanga á Jaðarsbökkum Akranesi.

Breytingin felst í að mænishæð er hækkuð úr 16 í 17,5 metra.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var grenndarkynnt skv. 2. mgr., 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Akranesi, 7. október 2005.

Guðný J. Ólafsdóttir,
fulltrúi sviðsstjóra.

STJÓRNARTÍÐINDI B 121 – 2005

Nr. 901

1902

12. október 2005

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 934/2004 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á blómum, trjám o.fl.

1. gr.

Með vísan til reglugerðar nr. 934/2004 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á blómum, trjám o.fl., sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 518/2005, bætist við upptalningu í 2. gr. reglugerðarinnar eftirfarandi:

<i>Tollnúmer:</i>	Vara	Tímabil	Vörumagn stk.	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0603.1009	Annars (afskorin blóm)	15.10.05 - 31.12.05	23.636	30	0

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 65. gr., 65. gr. A og 87. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 12. október 2005.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Atli Már Ingólfsson.

Nr. 902

11. október 2005

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Esjugrund 56 – 58.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur þann 21. september 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Esjugrund 56 – 58, Kjalarnesi.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Fannafold 190.

- Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur þann 21. september 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Foldahverfi, lóðina Fannafold 190. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 11. október 2005.

Helga Bragadóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 122 – 2005

Nr. 903

1904

11. október 2005

REGLUGERÐ

um skipulag og starfsemi Landbúnaðarstofnunar.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um skipulag og starfsemi Landbúnaðarstofnunar, sem starfar skv. ákvæðum laga nr. 80/2005 um Landbúnaðarstofnun og laga nr. 76/2005 um breytingu á ýmsum lögum við stofnun Landbúnaðarstofnunar.

2. gr.

Yfirstjórn og stjórnskipulag.

Landbúnaðarstofnun hefur aðsetur og aðalskrifstofu á Selfossi. Forstjóri Landbúnaðarstofnunar fer með yfirstjórn stofnunarinnar, mótar stefnu í störfum hennar og ber ábyrgð á fjárhagslegum rekstri, sbr. 3. gr. laga nr. 80/2005 um Landbúnaðarstofnun. Landbúnaðarráðherra setur forstjóra erindisbréf. Landbúnaðarstofnun skal skipt í eftirfarandi svið eftir viðfangsefnum:

1. Rekstrar- og þjónustusvið.
2. Stjórnsýslusvið.
3. Dýraheilbrigðissvið.
4. Matvæla- og umhverfissvið.

Í samræmi við 1. mgr. 4. gr. laga nr. 80/2005 um Landbúnaðarstofnun skipar landbúnaðarráðherra sviðsstjóra dýraheilbrigðissviðs, sem fer með málefni dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Skal sviðsstjórinn vera dýralæknir og nefnast yfirdýralæknir. Hann er jafnframt staðgengill forstjóra stofnunarinnar.

Forstjóri Landbúnaðarstofnunar ræður sviðsstjóra yfir öðrum sviðum stofnunarinnar, sem kallast forstöðumenn. Forstöðumenn ásamt yfirdýralækni starfa við aðalskrifstofu stofnunarinnar.

3. gr.

Starfsemi Landbúnaðarstofnunar.

Hlutverk Landbúnaðarstofnunar er skilgreint í 2. gr. laga nr. 80/2005 um Landbúnaðarstofnun. Forstjóri stofnunarinnar ákvarðar hvernig einstökum viðfangsefnum, sem stofnunin annast, skal skipt milli þeirra sviða sem tilgreind eru í 2. gr. þessarar reglugerðar.

4. gr.

Umdæmisskrifstofur.

Umdæmisskrifstofur Landbúnaðarstofnunar heyra undir yfirstjórn stofnunarinnar og skulu vera í umdæmum héraðsdýralækna, sbr. 2. mgr. þessarar greinar, og taka mið af umfangi starfseminnar á hverjum stað. Auk verkefna sem héraðsdýralæknum og öðrum dýralæknum er falið að annast skv. 3. - 6. mgr. 11. gr. laga nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, með síðari breytingum, getur Landbúnaðarstofnun falið umdæmisskrifstofum að sinna öðrum viðfangsefnum innan starfssviðs stofnunarinnar.

Umdæmisskrifstofur Landbúnaðarstofnunar skulu staðsettar sem hér segir, sbr. nánari skilgreiningu á umdæmum héraðsdýralækna í 11. gr. laga nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, með síðari breytingum:

1. Gullbringu- og Kjósarumdæmi.
2. Borgarfjarðar- og Mýraumdæmi.
3. Snæfellsnesumdæmi.
4. Dalaumdæmi.
5. Vestfjarðarumdæmi.
6. Vestur-Húnaþingsumdæmi.
7. Austur-Húnaþingsumdæmi.
8. Skagafjarðar- og Eyjafjarðarumdæmi.
9. Þingeyjarumdæmi.
10. Austurlandsumdæmi nyrðra.
11. Austurlandsumdæmi syðra.
12. Austur-Skaftafellsumdæmi.
13. Vestur-Skaftafellsumdæmi.
14. Suðurlandsumdæmi.

5. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 80/2005 um Landbúnaðarstofnun og öðlast gildi 1. janúar 2006.

Ákvæði til bráðabirgða.

Hafi sú starfsemi sem tilgreind er í 2. gr. laga nr. 80/2005 ekki verið sameinuð á aðal-skrifstofu Landbúnaðarstofnunar við gildistöku reglugerðarinnar, skal skiptingu stofnunarinnar í svið eftir viðfangsefnum, sbr. 2. gr. reglugerðarinnar, frestað þar til svo er orðið, en þó ekki lengur en til 1. apríl 2006.

Landbúnaðarráðuneytinu, 11. október 2005.

Guðni Ágústsson.

Atli Már Ingólfsson.

REGLUGERÐ

um flug loftfara í millilandaflugi um íslenska lofthelgi.

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið og framkvæmd.

Reglugerð þessi gildir um allt flug sem flogið er um íslenska lofthelgi að undanskildu ríkisflugi.

Flugmálastjórn Íslands sér um framkvæmd þessarar reglugerðar þar á meðal veitingu leyfa til lendinga á íslenskum flugvöllum og flugs um íslenska lofthelgi.

2. gr.

Orðskýringar.

Þegar eftirfarandi orð og orðasambönd eru notuð í þessari reglugerð hafa þau merkingu þá sem hér segir:

Chicago-samningurinn: Samningur um alþjóðaflugmál (Convention on International Civil Aviation), undirritaður í Chicago 7. desember 1944.

Einkaflug: Flugstarfsemi, sem stunduð er fyrst og fremst ánægjunnar vegna eða til öflunar frekari réttinda og ekkert endurgjald kemur fyrir. Það telst ekki til endurgjalds þótt þátttakendur í fluginu skipti með sér beinum kostnaði vegna þess. Það telst einkaflug þótt maður fljúgi í tengslum við starf sitt, ef hann hefur hvorki hagnað af rekstri loftfarsins né fái hann greitt sérstaklega fyrir að stýra því.

Flugupplýsingahandbók AIP: Handbók, sem gefin er út af Flugmálastjórn Íslands og hefur að geyma undirstöðuupplýsingar um flugmál.

Lofthelgi: Með lofthelgi er átt við loftrými innan lofthjúps jarðar, sem markast af 12 sjómílum frá grunnlínu í samræmi við lög nr. 41/1979.

Óreglubundið flug: Flug til flutnings á farþegum, pósti eða vörum, gegn gjaldi og ekki er liður í reglubundnu áætlunarflugi. Undir hugtakið falla eftirtaldir tegundir flugs:

1. Leiguflug.
2. Þjónustuflug.
3. Kennsluflug.

Reglubundið áætlunarflug: Röð flugferða, sem fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

- a. Flugferðirnar eru með loftförum, sem ætluð eru til flutnings á farþegum, pósti eða vörum gegn gjaldi.
- b. Flugferðunum er ætlað að fullnægja ákveðinni flutningsþörf milli tveggja staða eftir ákveðinni áætlun.
- c. Sérhver flugferð sem stendur almenningi til boða gegn greiðslu, meðan rými er fáanlegt.

Það fellur ekki undir skilgreiningu þessa, þegar um er að ræða skipulega áætlun flugferða sem farnar eru með leiguflugi.

Viðkoma án viðskipta: Viðkoma þegar loftfar hvorki tekur né skilur eftir farþega, póst eða vörur.

Umsóknarfrestur: Þegar rætt er um umsóknarfresti í reglugerð þessari, eru laugardagur, sunnudagur og aðrir hátíðar- og helgidagar ekki taldir með í þeim fresti.

3. gr.

Flugáætlun.

Tilkynna skal Flugmálastjórn Íslands flugáætlun fyrir hvert flug, skv. nánari reglum, sem birtar eru í Flugupplýsingahandbók eða tilkynningum til flugmanna (NOTAM).

4. gr.

Landamærastöðvar.

Löftför sem koma til Íslands frá öðrum löndum skulu nota landamærastöðvar til fyrstu landingar á Íslandi. Á sama hátt skulu löftför á leið frá Íslandi nota landamærastöðvar til síðasta flugtaks áður en utan er haldið.

Flugmálastjórn Íslands veitir leyfi til landinga á íslenskum flugvöllum.

II. Reglubundið áætlunarflug.

5. gr.

Leyfisskylda.

Leyfi Flugmálastjórnar Íslands þarf til að starfrækja reglubundið áætlunarflug um íslenska lofthelgi. Það gildir þó ekki ef um er að ræða:

- a) Flugrekendur með úttefið flugrekstrarleyfi innan aðildarríkja Evrópska efnahags-svæðisins og aðildarríkja Fríverslunarsamtaka EFTA.
- b) Erlenda aðila sem hyggjast halda uppi reglubundnu áætlunarflugi um íslenska loft-helgi skv. loftferðasamningi milli Íslands og annars ríkis, nema kveðið sé á um slíkt leyfi í samningnum, enda hafi hinn erlendi aðili tilskilda viðurkenningu heimalands síns.
- c) Alþjóðlegar skuldbindingar Íslands við erlend ríki heimili flugið, enda hafi hinn erlendi flugrekandi tilskilda viðurkenningu þess lands er tilnefnir hann til flugsins, sé slíkt áskilið í samningnum.

Flugrekendur sem ekki þurfa leyfi sbr. a- til c-lið 1. mgr. skulu tilkynna um fyrirhugað reglubundið áætlunarflug sitt með 15 daga fyrirvara til Flugmálastjórnar Íslands. Tilkynningin skal innihalda upplýsingar samkvæmt 1. mgr. 6. gr.

6. gr.

Umsókn um leyfi.

Sækja skal um leyfi til að starfrækja reglubundið áætlunarflug með minnst 30 daga fyrirvara. Í umsókn skulu koma fram eftirfarandi upplýsingar:

- a) Nafn flugrekanda, heimilisfang, sími, tölvupóstur og faxnúmer.
- b) Þjóðerni, skrásetningarmarki og tegund loftfars.
- c) Staðfesting á vátryggingum.
- d) Afrit flugrekandaskírteinis.
- e) Tegund flugs, flugnúmer og áætluð tíðni og tímaáætlun.
- f) Áætlunarstaðir.
- g) Flutningsgeta.
- h) Nöfn leigutaka.
- i) Þjónustuleiga loftfars (blautleiga).
- j) Deiling flugnumera (code-share).

III. Óreglubundið flug.

7. gr.

Yfirflug eða viðkoma án viðskipta.

Erlend loftför sem skráð eru í ríkjum sem eru aðilar að Chicago-samningnum og ætla að standa fyrir óreglubundnu flugi er heimilt að fljúga inn í íslenska lofthelgi eða hafa þar viðkomu án viðskipta án þess að þeim sé nauðsynlegt að fá til þess sérstakt leyfi.

Erlend loftför sem skráð eru í ríkjum sem ekki eru aðilar að Chicago-samningnum og ætla að standa fyrir óreglubundnu flugi er ekki heimilt að fljúga inn í íslenska lofthelgi eða hafa þar viðkomu án viðskipta nema hafa til þess leyfi.

Sækja skal um leyfi samkvæmt 2. mgr. a.m.k. 48 klst. áður en áætlað er að loftfarið komi inn í íslenska lofthelgi. Í umsókn skulu koma fram eftirfarandi upplýsingar:

- a) Nafn flugrekanda, heimilisfang, sími, tölvupóstur og faxnúmer.
- b) Þjóðerni, skrásetningarmarki og tegund loftfars.
- c) Staðfesting á váttryggingum.
- d) Afrit flugrekandaskírteinis.
- e) Leið sú sem fljúga skal, ákvörðunarstaður og upplýsingar um hvar og hvenær skuli flogið inn í íslenska lofthelgi.
- f) Dagsetning og áætlaður komu- og brottfarartími frá íslenskum flugvelli eða flugvöllum.
- g) Fjarskiptabúnaður og tíðni.
- h) Markmið flugsins, fjöldi farþega og eðli og magn farms.

8. gr.

Óreglubundið flug með viðskipti.

Erlendir aðilar sem hyggjast standa fyrir óreglubundnu flugi til Íslands og hafa þar viðkomu í því skyni að taka eða skilja eftir farþega, farm eða póst, verða að hafa til þess sérstakt leyfi Flugmálastjórnar Íslands. Undanþegnir leyfisskyldu eru þó þeir aðilar sem taldir eru upp í a- til c-lið 1. mgr. 5. gr.

Sækja skal um leyfi samkvæmt 1. mgr. með þeim upplýsingum og fyrirvörum sem greinir í reglugerð um leiguflyg til og frá Íslandi.

IV. Einkaflug.

9. gr.

Leyfisskylda.

Erlend loftför sem skráð eru í ríkjum sem eru aðilar að Chicago-samningnum er heimilt einkaflug um íslenska lofthelgi án þess að þeim sé nauðsynlegt að fá til þess sérstakt leyfi.

Fyrir loftför, sem skráð eru í ríkjum sem ekki eru aðilar að Chicago-samningnum, þarf sérstakt leyfi til einkaflugs um íslenska lofthelgi.

Sækja skal um leyfi samkvæmt 2. mgr. a.m.k. 48. klst. áður en áætlað er að koma inn í íslenska lofthelgi. Í umsókn skulu koma fram eftirfarandi upplýsingar:

- a) Nafn, ríkisfang og heimilisfang eiganda loftfars og flugmanns.
- b) Þjóðerni, skráningarmarki og tegund loftfars.
- c) Staðfesting á váttryggingum.
- d) Leið sú sem fljúga skal, ákvörðunarstaður og upplýsingar um hvar skuli flogið inn í lofthelgi Íslands og hvenær.
- e) Fjarskiptabúnaður og tíðni.
- f) Tilgangur flugs og fjöldi farþega um borð.

V. Viðurlög, stjórnsýslukæra og gildistaka.

10. gr.

Viðurlög.

Brot gegn 3., 4., 5., 7., 8. og 9. gr. reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt 141. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum.

11. gr.

Stjórnsýslukæra.

Ákvörðunum Flugmálastjórnar Íslands samkvæmt reglugerð þessari má skjóta til samgönguráðherra. Um málsmeðferð fer eftir ákvæðum stjórnsýslulaga.

12. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 3. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 eins og henni var breytt með lögum nr. 75/2005, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um flug loftfara í millilandaflugi um íslenska lofthelgi nr. 20/1985.

Samgönguráðuneytinu, 12. október 2005.

Sturla Böðvarsson.

*Ragnhildur Hjaltadóttir.***AUGLÝSING**

um áréttað bann við innflutningi frá Kína, Tælandi, Malasíu, Vietnam, Kambódíu, Indónesíu, Laos, Pakistan, Norður-Kóreu, Hong Kong, Rúmeníu og Tyrklandi vegna Avian Influenzu eða fuglaflensu.

1. gr.

Með vísan til þess að ekki liggja fyrir upplýsingar frá dýrasjúkdómayfirvöldum í viðkomandi ríkjum um upprætingu á Avian Influenzu í Kína, Tælandi, Malasíu, Vietnam, Kambódíu, Indónesíu, Laos, Pakistan, Norður-Kóreu, Hong Kong, Rúmeníu og Tyrklandi, en Avian Influenza er skæður fuglasjúkdómur sem borist getur í menn og hefur aldrei greinst á Íslandi, er áréttað bann við innflutningi til landsins á lifandi fuglum, frjóeggjum og hráum afurðum alifugla frá ofangreindum ríkjum.

2. gr.

Brot gegn auglýsingu þessari varðar viðurlögum skv. 30. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

3. gr.

Auglýsing þessi er sett með heimild í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum. Auglýsing þessi öðlast þegar gildi og gildir

til 15. janúar 2006. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 870/2005, um framlengingu banns við innflutningi frá Kína, Tælandi, Malasíu, Víetnam, Kambódíu, Indónesíu, Laos, Pakistan, Norður-Kóreu og Hong Kong, vegna Avian Influenzu eða fuglaflensu.

Landbúnarráðuneytinu, 14. október 2005.

F. h. r.
Guðmundur B. Helgason.

Atli Már Ingólfsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Akranesi.

Breyting á deiliskipulagi í klasa 1 og 2.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 29. september 2005, var samþykkt deiliskipulagsbreyting í klasa 1 og 2 á Akranesi.

Breytingin felst m.a. í að byggingarreitur er færður að norðurhlið lóðar við gangstíg, og eru 3 metrar í lóðarmörk. Einnig að byggingarreitur er lengdur að lóðarmörkum í endum lóðarinnar.

Við bundna byggingarlínu á suðurhlið lóðar er heimilt að gera inngangsanddyri allt að 2 metrum útfyrir bundna línu og allt að 3 metra breitt.

Bílastæði verði 3,5 metrum frá bundinni byggingarlínu lóðar.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Akranesi, 17. október 2005

Sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs,

Þorvaldur Vestmann.

STJÓRNARTÍÐINDI B 123 – 2005

5. október 2005

1911

Nr. 907

REGLUGERÐ

um daggæslu barna í heimahúsum.

I. KAFLI

Gildissvið. Skilgreiningar.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi tekur til gæslu barna fram að grunnskólaaldri í heimahúsum sem rekin er í atvinnuskyni.

2. gr.

Skilgreiningar.

1. *Daggæsla.* Með daggæslu er átt við gæslu barna á tímabilinu frá kl. 7.00 til 19.00 á virkum dögum.
2. *Heimahús.* Með heimahúsi er átt við íbúðarhúsnæði dagforeldra. Íbúðarhúsnæði er varanlegt húsnæði sem ætlað er til svefns, matar og daglegrar dvalar þeirra sem þar búa. Í undantekningartilvikum getur félagsmálanefnd/félagsmálaráð samþykkt að íbúðarhúsnæði sem sérstaklega er tekið á leigu undir daggæslu teljist heimahús enda aðbúnaður ekki lakari en ef um einkaheimili væri að ræða og að húsnæðið henti vel undir daggæslu.

II. KAFLI

Stjórn og skipulag.

3. gr.

Yfirstjórn.

Félagsmálaráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt reglugerð þessari.

4. gr.

Sveitarfélög.

Sveitarfélög bera ábyrgð á því að höfð sé umsjón og eftirlit með starfsemi dagforeldra.

5. gr.

Félagsmálanefnd.

Félagsmálanefnd/félagsmálaráð í hverju sveitarfélagi ber almenna ábyrgð á velferð barna í sveitarfélaginu og skal sjá til þess að aðbúnaði barna sé ekki áfátt, sbr. 1. mgr. 30. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.

Félagsmálanefnd/félagsmálaráð, eða önnur sú nefnd sem sveitarstjórn ákveður, hér eftir í reglugerð þessari nefnd félagsmálanefnd, veitir leyfi til daggæslu barna í heimahúsum.

6. gr.

Samstarf félagsmálanefndar við barnaverndarnefnd og heilbrigðisnefnd.

Félagsmálanefnd skal eiga samstarf við heilbrigðisnefnd og barnaverndarnefnd varðandi aðbúnað barna hjá dagforeldrum eftir því sem þurfa þykir.

7. gr.

Leyfis skyld starfsemi.

Starfsemi dagforeldra er háð:

- a. leyfisveitingu félagsmálanefndar sveitarfélags um þau atriði sem falla undir reglugerð þessa og
- b. starfsleyfi heilbrigðisnefndar sveitarfélags í samræmi við reglugerð um hollustu-hætti, nr. 941/2002, sé um að ræða daggæslu með sex börn eða fleiri.

III. KAFLI

Fjöldi barna í daggæslu og aldur þeirra. Dvalartími.

8. gr.

Fjöldi barna og aldur.

Leyfi félagsmálanefndar tekur til alls fjögurra barna, samtímis, að meðtöldum þeim sem fyrir eru á heimilinu yngri en sex ára, þó þannig að eigi skulu vera á heimilinu fleiri en tvö börn undir eins árs aldri að jafnaði.

Eftir a.m.k. eins árs samfelldan starfstíma er félagsmálanefnd heimilt að veita leyfi fyrir einu barni til viðbótar, enda hafi dagforeldri sýnt fram á hæfni til starfsins og veitt börnum góðan aðbúnað í hvívetna.

Skipulagður dvalartími barna getur skarast í hádeginu á milli kl. 12.00 og 13.00 þannig að umframfjöldi barna í hádeginu getur verið allt að tveimur fleiri en leyfilegur fjöldi barna skv. 1. og 2. mgr. Á öðrum tíma dagsins má fjöldi barna aldrei fara yfir þann leyfilegan hámarksfjölda sem dagforeldri hefur hverju sinni skv. 1. og 2. mgr.

9. gr.

Dvalartími.

Dvalartími barna í daggæslu getur verið allt að níu tímar á dag, alla virka daga vikunnar.

10. gr.

Tveir dagforeldrar geta starfað saman í heimahúsi.

Tveir dagforeldrar geta starfað saman að daggæslu í heimahúsi. Fjöldi barna getur þá verið allt að tíu börn samtímis. Að öðru leyti gildir ákvæði 8. gr.

IV. KAFLI

Leyfisveiting félagsmálanefndar.

11. gr.

Leyfisveitingar.

Leyfi félagsmálanefndar skal fyrst veitt til eins árs reynslutíma, en eftir það til alls fjögurra ára í senn.

Félagsmálanefnd sendir Hagstofu Íslands og félagsmálaráðuneytinu árlega upplýsingar um fjölda leyfa og fjölda og aldur barna í daggæslu í heimahúsum í sveitarfélaginu.

12. gr.

Tveir starfa saman að daggæslu.

Starfi tveir einstaklingar saman að daggæslu skal leyfi félagsmálanefndar veitt hvorum aðila um sig.

13. gr.

Skilyrði leyfisveitinga.

Leyfi félagsmálanefndar má aðeins veita að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

1. *Aldur.*
Dagforeldri skal ekki vera yngri en 20 ára þegar leyfi er veitt í fyrsta sinn. Sé dagforeldri orðið 65 ára skal leyfi aðeins veitt til eins árs í senn.
2. *Námskeið.*
Skilyrði fyrir veitingu leyfis í upphafi er að umsækjandi hafi sótt námskeið, sbr. 20. gr. Heimilt er að veita undanþágu frá því skilyrði ef umsækjandi hefur menntun á sviði uppeldismála sem félagsmálanefnd metur fullnægjandi.
3. *Læknisvottorð.*
Vottorðið skal staðfesta að ekki hafi fundist merki um sjúkdóm sem hindrað geti að umsækjandi geti tekið að sér barnagæslu. Einnig skal koma fram að aðrir heimilismenn hafi verið skoðaðir og ekkert athugavert fundist við heilsufar þeirra sem hindri samvistir við börn.
4. *Umsögn síðasta vinnuveitanda* eða umsögn tveggja ábyrgra aðila ef atvinnurekanda er ekki til að dreifa. Umsögnin skal bera með sér að umsækjandi teljist hæfur til að taka að sér barn í daggæslu.
5. *Sakavottorð.*
Umsækjandi skal í öllum tilvikum leggja fram sakavottorð. Sama á við um aðra heimilismenn 18 ára og eldri. Komi fram á sakavottorði að umsækjandi, eða annar heimilismaður, 18 ára og eldri, hafi hlotið refsisdóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla eða XXIII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, og brotið beinst að einstaklingi undir 18 ára aldri, verður í engum tilvikum veitt leyfi til daggæslu barna. Um önnur brot sem fram koma á sakavottorði umsækjanda eða annars á heimilinu skal félagsmálanefnd meta hvort þau hafi áhrif á hæfni umsækjanda til að hafa barn í umsjá sinni.
6. *Húsakynni.*
Húsakynninn skulu uppfylla ákvæði reglugerðar um hollustuhætti, nr. 941/2002. Leiksvæði fyrir hvert barn innandyrna skal að lágmarki vera 3 fm á gólfleti fyrir hvert barn. Bæði leikrými og hvíldaraðstaða skal vera í fullnægjandi íbúðarherbergjum. Baðherbergi, eldhús og svefnaðstaða heimilisfólks telst ekki til leikrýmis barna. Heimilt er að leita umsagnar heilbrigðisnefndar, hvað húsnaði varðar, ef ástæða þykir til. Sé um að ræða daggæslu með sex börn eða fleiri þarf að liggja fyrir starfsleyfi heilbrigðisnefndar sveitarfélags í samræmi við reglugerð um hollustuhætti, nr. 941/2002.
7. *Brunavarnir.*
Fyrir liggi skoðun eldvarnaeftirlits hvers sveitarfélags á brunavörnum á heimili umsækjanda. Reykskynjarar, eldvarnateppi og slökkvitæki skulu vera í íbúðinni. Við skoðun eldvarnaeftirlits skal farið yfir hversu margir reykskynjarar þurfi að vera í íbúðinni og staðsetningu þeirra.
8. *Lóð, leiktæki og leikföng.*
Lóð, leiktæki og leikföng skulu uppfylla ákvæði reglugerðar um hollustuhætti, nr. 941/2002, reglugerðar um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim, nr. 942/2002, og reglugerðar um öryggi leikfanga og hættulegar eftirlíkingar, nr. 408/1994, eftir því sem við á. Útivistarsvæði barnanna skal vera afgirt.

Auk framangreindra skilyrða skal dagforeldri kaupa slysaftryggingu vegna barnanna innan mánaðar frá því leyfi var veitt og framvísa staðfestingu þar að lútandi til umsjónaraðila.

Tóbaksreykingar svo og neysla hvers kyns vímuegja eru með öllu óheimilaðar á heimilinu meðan á dagvistun barna stendur.

14. gr.

Endurnýjun leyfa.

Við endurnýjun leyfa skal umsækjandi ávallt framvísa læknisvottorði og sakavottorði. Enn fremur skal heilbrigðisvottorði skilað ef um daggæslu með sex börn eða fleiri er að ræða.

Ef skipt er um húsnæði skal sækja um endurnýjun leyfis til félagsmálanefndar um að húsakynni og lóð uppfylli skilyrði 6.–8. tölul. 13. gr.

Flytjist nýr fullorðinn einstaklingur inn á heimili dagforeldris skal hann afhenda félagsmálanefnd/félagsmálaráði sakavottorð, sbr. 5. tölul. 13. gr.

15. gr.

Bráðabirgðaleyfi.

Heimilt er félagsmálanefnd að veita bráðabirgðaleyfi til sex mánaða í senn, þó aldrei lengur en í eitt ár samfellt, þar til væntanlegt dagforeldri hefur sótt námskeið. Standi námskeið umsækjanda ekki til boða skal heimilt að veita honum bráðabirgðaleyfi þar til hann hafi átt þess kost að ljúka námskeiði, sbr. 20. gr. Þó skal slíkt leyfi ekki veitt án undangenginnar kynningar á undirstöðuatriðum þess hvað í því felst að taka að sér barn á einkaheimili til gæslu.

Fari dagforeldri ekki á námskeið þegar það býðst má svipta það leyfi.

V. KAFLI

Daggæsla rekin í fjöleignarhúsi eða leiguhúsnæði.

16. gr.

Fjöleignarhús.

Fari daggæslan fram í fjöleignarhúsi gilda ákvæði laga um fjöleignarhús um samþykki annarra eigenda.

17. gr.

Leiguhúsnæði.

Fari daggæslan fram í leiguhúsnæði gilda ákvæði húsaleigulaga um samþykki leigusala.

VI. KAFLI

Málsmeðferð við leyfisveitingar.

18. gr.

Umsækjandi uppfyllir ekki skilyrði.

Telji félagsmálanefnd að umsækjandi uppfylli ekki skilyrði 13. gr., og geti því ekki mælt með honum til starfsins, skal gera honum grein fyrir því.

Sætti umsækjandi sig ekki við þá niðurstöðu getur hann krafist skriflegs rökstuðnings af hálfu félagsmálanefndar. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal henni svarað innan 14 daga frá því að hún barst. Leggi umsækjandi fram ný gögn eftir að ákvörðun hefur verið tekin á hann rétt á því að mál hans sé tekið til meðferðar á ný, enda sé fullnægt skilyrðum 24. gr. stjórnsýslulaga um endurupptöku máls.

19. gr.

Stjórnsýslulög.

Að öðru leyti gilda ákvæði stjórnsýslulaga um málsmeðferð við leyfisveitingar samkvæmt reglugerð þessari.

VII. KAFLI

Námskeið.

20. gr.

Ábyrgð, námsgögn og gjaldtaka.

Sveitarfélög bera ábyrgð á því að umsækjendur eigi aðgang að námskeiðum ýmist á vegum sveitarfélaganna eða annarra hæfra aðila. Skulu sveitarfélög leitast við að hafa samvinnu við önnur sveitarfélög um námskeið.

Félagsmálaráðuneytið leggur til námsgögn og samræmda námskrá fyrir landið allt.

Heimilt er sveitarfélagi að taka gjald fyrir námskeiðahaldið. Gjald má aldrei vera hærra en sem nemur kostnaði við námskeiðahaldið.

21. gr.

Markmið og námsefni.

Markmiðið með námskeiðum er að veita hnitmiðaða og vel uppbyggða fræðslu einkum um uppeldi og umönnun barna, þarfir þeirra og þroska og hvernig koma megi til móts við þær þarfir.

Námsefni skal taka til a.m.k. eftirfarandi efnisflokka:

- a. Uppeldis og umönnunar barna.
- b. Þarfa barna og þroska og hvernig koma eigi til móts við þær þarfir.
- c. Barnasjúkdóma.
- d. Slys í heimahúsum og fyrstu hjálpar.
- e. Eldvarna og öryggis barna.

Jafnframt skal frætt um skyldur og réttindi dagforeldra svo og samvinnu þeirra við foreldra.

22. gr.

Framhaldsnámskeið.

Sveitarfélög skulu leitast við að gefa dagforeldrum kost á framhaldsnámskeiðum eða öðrum tækifærum til símenntunar.

VIII. KAFLI

Ábyrgð og skyldur foreldra.

23. gr.

Vistun hjá dagforeldri á ábyrgð foreldra.

Ákvörðun um vistun barns hjá dagforeldri er ætíð á ábyrgð foreldra.

24. gr.

Skyldur foreldra við upphaf daggæslu.

Foreldrar skulu í upphafi kynna sér aðstæður hjá dagforeldri og hvernig daggæslunni verði háttað. Þeir skulu upplýsa dagforeldri hverjar séu daglegar venjur barnsins. Foreldrar eiga rétt á upplýsingum um hvernig deginum verði varið, þar á meðal um svefntíma barns, svo og um mataræði, leikföng og svefnaðstöðu.

Aðlögun að vist hjá dagforeldri skal miðast við þarfir barnsins og skal foreldri dvelja hjá barni sínu í upphafi vistunar í a.m.k. eina klukkustund daglega í byrjun vistunar.

Foreldrar skulu upplýsa dagforeldri um hvaða dvalartíma er óskað eftir, hvenær barnið verði sótt og hver sæki það.

Foreldrar skulu kynna sér fjölda barna hjá dagforeldri.

Foreldrar skulu kynna sér sérstaklega hvort dagforeldri hyggst nota þjónustu gæsluvalla og ef svo er þarf skriflegt samþykki foreldra til þess.

Foreldrar skulu tilkynna dagforeldri ef barn er með sérþarfir, svo sem vegna fötlunar eða langvinnra veikinda.

25. gr.

Skyldur foreldra gagnvart dagforeldri meðan á daggæslu stendur.

Foreldrar skulu tilkynna dagforeldri um tilfallandi veikindi barns. Óheimilt er að koma með veikt barn í daggæslu.

Foreldrar skulu leitast við að upplýsa dagforeldri verði breytingar á högum barns sem geta haft áhrif á líðan þess að mati foreldra.

Geti dagforeldri af sérstökum ástæðum ekki sinnt starfi sínu er barnið á ábyrgð foreldra.

26. gr.

Samskipti foreldra við dagforeldri.

Í samskiptum sínum við dagforeldri skulu foreldrar virða það að um heimahús er að ræða.

Foreldrar skulu fylgjast reglubundið með aðbúnaði barns hjá dagforeldri og bregðast við verði þeir varir við breytingar á aðbúnaði sem þeir telja að skipti máli með tilliti til líðan barnsins.

27. gr.

Skyldur foreldra gagnvart umsjónaraðila.

Verði foreldrar varir við að umönnum og aðbúnaði barnsins sé ábótavant hjá dagforeldri er þeim skylt að tilkynna það umsjónaraðila.

IX. KAFLI

Ábyrgð og skyldur dagforeldra.

28. gr.

Ábyrgð dagforeldra gagnvart barni meðan á dvöl stendur.

Dagforeldri ber ábyrgð á barni meðan á dvöl hjá því stendur og skal hlúa að andlegri og líkamlegri velferð þess í sem víðtækustum skilningi. Þetta á jafnt við um fæðuval, leiki, leikföng, hreyfingu, útiveru, tilfinningalíf og félagslega líðan barns. Dagforeldri skal sjá til þess að foreldrar hafi vitneskju um dagskipulag, þar með talið mataræði, svefntíma o.fl.

Dagforeldri ber að fara að ákvæðum laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemina gilda.

29. gr.

Öryggi barna.

Dagforeldri er skylt að stuðla að öryggi barna í hvívetna, svo sem með því að hafa sjúkrakassa á heimilinu og barnalæsingu á skápum með hættulegum efnum. Nota skal beisli í barnavögnum og í háum barnastólum. Um öruggt húsnæði vísast til starfsleyfis heilbrigðisnefndar og 6. tölul. 13. gr. og um eldvarnir til 7. tölul. 13. gr.

Börn í daggæslu skulu aldrei vera skilin eftir eftirlitslaus.

30. gr.

Samskipti dagforeldris við foreldri við upphaf gæslu.

Áður en gæsla hefst skal dagforeldri fara yfir með foreldri hver sé ábyrgð hvors aðila um sig meðan á dvöl barnsins í gæslunni stendur. Dagforeldri skal fara fram á að fá greinargóðar upplýsingar um barnið og ákveða aðlögunartíma og gæslutíma í samráði við foreldri. Dagforeldri skal sýna foreldrum heimili, aðstæður inni sem úti og skýra frá því hvernig það hagar starfi sínu. Skal dagforeldri gera foreldrum grein fyrir aðstæðum á heimilinu sem geta haft áhrif á líðan barns, til dæmis ef gæludýr er á heimilinu.

31. gr.

Skyldur dagforeldris gagnvart umsjónaraðila.

Dagforeldri skal sjá um að umsjónaraðili fái jafnóðum upplýsingar um börn sem hefja dvöl eða ljúka dvöl hjá því. Skal dagforeldri skila umsjónaraðila mánaðarlegu yfirliti yfir þau börn sem voru í gæslu í mánuðinum, ásamt staðfestingu foreldra.

32. gr.

Forföll dagforeldris.

Geti dagforeldri af einhverjum ástæðum ekki unnið að daggæslunni skal það tilkynnt foreldrum þegar í stað. Foreldrar bera ábyrgð á barni þann tíma sem dagforeldri getur ekki sinnt starfi sínu.

33. gr.

Reglur sveitarfélags.

Að öðru leyti setja sveitarfélög leiðbeiningar um skyldur dagforeldra gagnvart börnunum og um samskipti dagforeldra við foreldra barnanna.

X. KAFLI

Umsjón og eftirlit með starfsemi dagforeldra.

34. gr.

Umsjón.

Félagsmálanefnd getur ráðið sérstakan umsjónaraðila sem hefur með höndum ráðgjöf og umsjón með daggæslu í heimahúsum.

Við ráðningu í starf umsjónaraðila skal leitast við að ráða fólk með sérþekkingu á uppeldi barna, svo sem leikskólakennara og annað uppeldismenntað fólk.

Meginverkefni umsjónaraðila er að hafa umsjón með starfsemi dagforeldra og annast stuðning, fræðslu og ráðgjöf. Skal það gert með því að:

- a. fara reglulega í heimsókn til dagforeldra í þeim tilgangi að veita ráðgjöf og stuðning. Skulu heimsóknir vera tíðar fyrsta árið eftir að leyfi er veitt,
- b. halda fræðslufundi fyrir nýja umsækjendur,
- c. halda reglulega fræðslufundi fyrir starfandi dagforeldra,
- d. halda fundi með dagforeldrum og foreldrum barna þegar þess er óskað eða þörf er talin á, og
- e. leita sérstaklega eftir ráðgjöf ef barn er fatlað, en ætíð í samráði við foreldra.

35. gr.

Eftirlit.

Félagsmálanefnd getur falið sérstökum starfsmanni að fara með eftirlitið eða falið það verkefni umsjónaraðila.

Eftirlitið skal vera reglubundið og er þrífætt:

1. Mánaðarleg skil dagforeldra á yfirliti yfir skráð börn í gæslu, staðfest af eftirlitsaðila og foreldri barns.
2. Að minnsta kosti þrjár óboðaðar eftirlitsheimsóknir á ári.
3. Upplýsingar frá foreldri barns einu sinni á ári um viðhorf þeirra til daggæslunnar.

Auk reglubundins eftirlits skal eftirlit vera tilfallandi þegar aðstæður krefjast, svo sem vegna eftirfylgni eða kvartana.

Sveitarfélag skal setja nánari reglur um framkvæmd eftirlitsins.

XI. KAFLI

Aðbúnaði barna ábótavant – leiðbeiningar, leyfisvipting.

36. gr.

Aðbúnaði barna ábótavant – leiðbeiningar og stuðningur.

Ef umsjónaraðili, eða annar sá starfsmaður sem fer með eftirlitið, verður þess var að aðbúnaði barns hjá dagforeldri sé ábótavant, skilyrði til leyfisveitingar ekki lengur fyrir hendi eða önnur þau atriði sem bendi til að ekki fari nægilega vel um barn hjá dagforeldri, án þess þó að barn teljist í hættu statt, skal hann gera dagforeldri það ljóst, tilkynna foreldrum þegar í stað og veita frest til úrbóta/andsvara áður en málinu er vísað til félagsmálanefndar til meðferðar.

Félagsmálanefnd skal bregðast strax við og vinna að því með leiðbeiningum og á annan hátt að dagforeldri bæti úr því sem áfátt er. Skal dagforeldri veittur til þess tiltekinn frestur, enda sé ekki talið að sá frestur stofni velferð barns í hættu.

Ef ekki er farið að leiðbeiningum umsjónaraðila skal félagsmálanefnd svipta dagforeldri leyfi, sbr. 41. gr.

37. gr.

Barn telst í hættu statt – viðeigandi ráðstafanir.

Ef umsjónaraðili telur að barn sé í hættu statt hjá dagforeldri, svo sem vegna lélegs aðbúnaðar eða of mikils fjölda barna, skal hann gera dagforeldri það ljóst, tilkynna foreldrum það þegar í stað og vísa málinu til félagsmálanefndar. Skal félagsmálanefnd bregðast við með viðeigandi ráðstöfunum þegar í stað.

Tilkynna skal barnaverndarnefnd og heilbrigðisnefnd um mál skv. 1. mgr.

38. gr.

Tímabundin leyfisvipting.

Ef talið er brýnt með hag barnanna í huga, sbr. 39. gr., að þau séu tekin tafarlaust úr gæslu skal félagsmálanefnd svipta dagforeldri leyfi, tímabundið, á meðan málið er kannað nánar.

39. gr.

Leyfisvipting.

Félagsmálanefnd skal svipta dagforeldri leyfi ef börn eru í hættu stödd, sbr. 37. gr., eða ef tímabundin leyfisvipting, sbr. 38. gr., hefur ekki borið árangur.

40. gr.

Stjórnsýslulög.

Að öðru leyti gilda stjórnsýslulög um málsmeðferð við leyfisviptingar samkvæmt reglugerð þessari.

XII. KAFLI

Ýmis atriði.

41. gr.

Daggæsla barna starfrækt án leyfis.

Ef félagsmálanefnd fær upplýsingar um að börn séu tekin í gæslu í atvinnuskyni án leyfis skal hún stöðva starfsemina þegar í stað.

42. gr.

Þátttaka sveitarfélags í greiðslu kostnaðar.

Heimilt er sveitarstjórn að greiða niður kostnað við daggæslu í heimahúsum. Skal þá sveitarstjórn setja reglur þar um.

XIII. KAFLI

Lagastoð og gildistaka.

43. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæði 34. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum, öðlast gildi þann 1. nóvember 2005 og gildir um leyfi sem dagforeldri eru veitt frá og með gildistöku reglugerðar þessarar, svo og um endurnýjun á leyfum.

Ákvæði í III. og IV. kafla reglugerðar þessarar taka ekki til leyfa sem veitt hafa verið samkvæmt reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum, nr. 198/1992. Áður útgefin leyfi til daggæslu gilda til loka gildistíma leyfanna. Að öðru leyti gildir reglugerð þessi einnig um starfsemi dagforeldra sem fengið hafa leyfi samkvæmt reglugerð nr. 198/1992.

*Félagsmálaráðuneytinu, 5. október 2005.***Árni Magnússon.**

*Óskar Páll Óskarsson.***REGLUGERÐ****fyrir Hitaveitu Fjarðabyggðar.**

I. KAFLI

Almennt.

1. gr.

Nafn, lögheimili o.fl.

Hitaveita Fjarðabyggðar, í reglugerð þessari nefnd hitaveitan, er sjálfstæð rekstrareining innan Orkuveitu Fjarðabyggðar, með sjálfstæða stjórn og fjárhag. Lögheimili hitaveitunnar er Hafnargata 2 á Reyðarfirði.

2. gr.

Tilgangur.

Tilgangur Hitaveitu Fjarðabyggðar er að annast öflun, dreifingu og sölu á heitu vatni til kyndingar og neyslu á orkuveitusvæði sínu, svo og aðra nauðsynlega starfsemi sem því tengist.

3. gr.

Veitusvæði og einkaréttur.

Veitusvæði, til dreifingar á hitaorku/heitu vatni, er allt svæðið innan marka þéttbýlisins á Eskifirði sem markast af Mjóeyri að utan og býlinu Eskifirði að innan. Hitaveitan hefur einkarétt til dreifingar og sölu á hitaorku/heitu vatni á orkuveitusvæði sínu.

II. KAFLI

Stjórn og rekstur.

4. gr.

Yfirstjórn.

Yfirstjórn hitaveitunnar er í höndum bæjarstjórnar Fjarðabyggðar.

5. gr.

Bæjarstjórn kýs stjórn hitaveitunnar eða felur hana í hendur bæjarráðs Fjarðabyggðar. Kjörtímabil stjórnar er hið sama og bæjarstjórnar.

6. gr.

Verksvið stjórnar.

Hlutverk veitustjórnar er:

- a) að hafa eftirlit með því að skipulag og starfsemi hitaveitunnar sé jafnan í réttu og góðu horfi,
- b) að semja framkvæmda- og fjárhagsáætlanir og leggja fyrir bæjarstjórn,
- c) að semja drög að þriggja ára áætlun, um rekstur, framkvæmdir og fjármál hitaveitunnar og leggja hana fyrir bæjarstjórn,
- d) að semja gjaldskrá hitaveitunnar og leggja hana fyrir bæjarstjórn til samþykktar,
- e) að ákveða framkvæmdir á veitusvæðnu í samræmi við samþykktir bæjarstjórnar og ákvæði sveitarstjórnarlaga,
- f) að undirbúa og gera samninga um orkukaup og orkusölu,
- g) að gefa bæjarstjórn þær skýrslur sem hún óskar eftir,
- h) að semja nánari reglur um einstök framkvæmdaratriði þessarar reglugerðar eftir því sem þörf er á og leggja þær fyrir bæjarstjórn til samþykktar.

7. gr.

Framkvæmdastjóri.

Veitustjórn ræður veitunni framkvæmdastjóra sem sér um og ber ábyrgð á daglegum rekstri hitaveitunnar.

8. gr.

Starfsmannahald.

Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn hitaveitunnar en veitan hefur að öðru leyti sameiginlegt skrifstofu- og starfsmannahald með Fjarðabyggð samkvæmt sérstökum samningi þar að lútandi.

9. gr.

Reikningshald.

Hitaveita Fjarðabyggðar skal hafa sjálfstæðan fjárhag og aðgreint reikningshald. Reikningsár er almanaksárið og skulu endurskoðaðir reikningar hitaveitunnar fylgja reikningum bæjarfélagsins.

Tekjum hitaveitunnar skal fyrst og fremst varið til að standa straum af rekstrarkostnaði hennar og nauðsynlegum fjárfestingum, þar með talið greiðslu afborgana og vaxta, með það að markmiði að öruggur rekstur sé tryggður. Ráðstöfun hagnaðar eða jöfnun taps skal ákveðin af bæjarstjórn að fengnum tillögum stjórnar hitaveitunnar.

III. KAFLI

Almenn ákvæði.

10. gr.

Í gjaldskrá skal kveðið á um verð fyrir hitaorku, heimæðar, mælagjald, um gjalddaga, eindaga og innheimtu gjalda, viðurlög við vanskilum og annað sem kemur gjaldtökunni við. Gjaldskrá sem hlotið hefur samþykki bæjarstjórnar skal lögð fyrir iðnaðarráðuneytið, til staðfestingar og skal hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Viðskiptavinir hitaveitunnar skulu greiða orkukaupin samkvæmt gildandi gjaldskrá á hverjum tíma. Við verðbreytingar skal reikningsfæra notkun í beinu hlutfalli við gildistíma hvernar gjaldskrár á því tímabili sem reikningurinn tekur til. Bili mælitæki skal notkun áætluð út frá fyrri notkun viðkomandi viðskiptavinar. Við endurreiknun orkunotkunar skal taka til lit til fyrri notkunar viðkomandi aðila og annarra aðstæðna sem gefið gætu vísbendingu um það hvenær mælitækið bilaði. Eigi skal reikna vexti af umfram- eða vangreiðslum samkvæmt framansögðu.

Innheimta skal rúmmetragjald (kr./m³) af þeim notendum, sem fá hitaorku/heitt vatn frá veitunni, samkvæmt mælingu um rennismæli sem settur er upp við hitaveitunntak hjá notanda. Að auki er innheimt mælagjald fyrir hvern uppsettan mæli.

Gjald fyrir hitaorku/heitt vatn skal ekki innheimta fyrr en frágangi heimæðar ásamt tengigrind er að fullu lokið og viðkomandi húsnaði er tengt veitunni.

Orkureikninga skal senda út reglulega og eigi sjaldnar en á tveggja mánaða fresti. Þeir skulu sendir notanda á notkunarstað eða á annan stað sem hann tiltekur.

Gjalddagi er við útgáfu reiknings. Eindagi er samkvæmt ákvæðum í gjaldskrá hverju sinni.

11. gr.

Sé orkureikningur ekki greiddur á eindaga, eða ef notandi vanefnir skyldur sínar samkvæmt reglugerð þessari eða skriflegum samningi um orkukaup, má stöðva orkuafhendingu að undangenginni skriflegri aðvörun sem sendist honum með minnst 5 daga fyrirvara. Stöðvun orkuafhendingar vegna vanskila hefur engin áhrif á greiðsluskyldu notanda á skuldum við hitaveituna né heldur á fastagjaldi, aflgjaldi og tækjaleigu á lokunartíma. Hita-veitan ber enga ábyrgð á hugsanlegum afleiðingum slíkrar stöðvunar. Hitaveitan hefur rétt til þess að krefja notanda um greiðslu kostnaðar við undirbúning að stöðvun orkuafhendingar (lokun), ennfremur við framkvæmd lokunar sem og opnunar aftur.

Óleyfilega tengda veitu má aftengja/rjúfa fyrirvaralaust. Sá einn má tengja eða endurtengja veitu sem til þess hefur fengið umboð frá hitaveitunni.

IV. KAFLI

Húsveitur o.fl.

12. gr.

Húsveita (hitakerfi húss) er sjálfstæð veita sem tengd er við heimæð hitaveitunnar. Húseigandi þess húss sem tengist heimæð hitaveitunnar telst jafnframt eigandi húsveitunnar og er hann jafnframt ábyrgur fyrir greiðslum á því heita vatni sem húsveitan nýtir samkvæmt rennismælum. Þó er heimilt að tilkynna annan kaupanda heits vatns, eða annan ábyrgðar- aðila fyrir greiðslum enda sé það tilkynnt með formlegri staðfestingu beggja aðila þar að lút-

andi eða öðrum sannanlegum hætti svo sem með framlagningu þinglýsts húsaleigusamnings. Kaupandi hitaorku/heits vatns eða hver sá aðili sem ábyrgur er fyrir greiðslu hennar, nefnist notandi.

13. gr.

Umsókn um heimæð eða breytingu á heimæð skal undirrituð af húseiganda er skuldbindur sig til þess, með undirskrift sinni, að greiða tilskilin gjöld sem ákveðin eru í verðskrá hitaveitunnar og að hlíta settum reglum um orkukaupin. Heimilt er að krefjast þess að skrifleg greinargerð, byggðri á tækniþekkingu, sé lögð fram varðandi áætlun um afl- og orkunotkun.

14. gr.

Hitaveitan setur upp nauðsynleg mælitæki vegna vatns- og orkusölu og ákveður fjölda þeirra, tegund og staðsetningu. Mælitækin má ekki flytja úr stað eða hrófla við þeim með öðrum hætti án samþykkis hitaveitunnar.

Notandi mælitækis er sá sem skráður er fyrir orkunotkun þeirrar húsveitu sem mælitækið er skráð fyrir. Skal hann bera ábyrgð á mælitækjum og orkunotkun húsveitunnar þar til hann lætur af notkun hennar og tilkynnir sannanlega um það til hitaveitunnar.

Ef um sameiginlega orkunotkun er að ræða, t.d. hjá húsfélagi, má ekki breyta skráðum notanda nema allir sem að notkuninni standa samþykki það skriflega.

Hætti skráður notandi notkun skal hann tilkynna það til hitaveitunnar, sem annast lokaálestur. Hafi eigi annar notandi sótt um að fá mælitækið skráð á sitt nafn skal loka því og eigi skal hefja orkusölu um tækið á ný fyrr en nafn og kennitala nýs notanda hefur verið tilkynnt.

Húseigandi og orkunotandi eru samábyrgir fyrir tilkynningu til hitaveitunnar um notendaskipti. Vanræki þeir tilkynningarskyldu sína bera þeir báðir ábyrgð á ógreiddri orkunotkun þess aðila er áður var notandi viðkomandi veitu.

Hitaveitan annast venjulegt viðhald mælitækja á sinn kostnað en verði mælitæki fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum er heimilt að skylda notanda til að greiða kostnað við viðhald og endurnýjun þess.

15. gr.

Starfsmenn hitaveitunnar hafa heimild til að innsigla mælitæki, sem orkukaup eru gerð um, svo sem rennismæla, bakrennislisloka, hemla o.þ.h. Einnig er starfsmönnum hitaveitunnar heimilt að innsigla þann hluta húsveitu sem ómæld orka fer um. Þessi innsigli mega engir aðrir rjúfa en starfsmenn hitaveitunnar. Önnur innsigli hitaveitunnar mega einungis faglega ábyrgir aðilar rjúfa að fengnu leyfi hitaveitunnar hverju sinni.

Ef skjótra aðgerða er þörf vegna hættuástands er heimilt að rjúfa innsigli en þá skal viðkomandi eigi síðar en næsta virkan dag á eftir tilkynna hitaveitunni skriflega um málsatvik.

Veiti notandi eða faglega ábyrgur aðili því athygli að innsigli sé rofið eða vanti er hann skyldur að tilkynna það til hitaveitunnar án tafar.

16. gr.

Tengiskilmálar koma fram í gjaldskrá hitaveitunnar svo og ákvæði um gerð inntaksrýmis, sbr. 86. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998 og frágangur á inntakspípu. Starfsmenn hitaveitunnar eiga ávallt rétt til þess að hafa óhindraðan aðgang að inntaksrýmum og til skoðunar á húsveitum, jafnt fullgerðum sem ófullgerðum.

V. KAFLI

Tenging húsveitna við dreifikerfi hitaveitunnar.

17. gr.

Sækja skal um orkukaup til Hitaveitu Fjarðabyggðar á þar til gerðum eyðublöðum sem skrifstofa hennar lætur í té. Umsóknin skal undirrituð af eiganda hússins eða af fullgildum umboðsmanni hans ásamt pípulagningameistara þeim sem verkið á að annast. Umsókn skulu fylgja teikningar samþykktar af byggingarfulltrúa Fjarðabyggðar. Staðsetning inntaks og inntaksrýmis skal greinilega mörkuð á uppdrætti.

Skilyrði fyrir sölu á heitu vatni er að í gildi sé samþykkt umsókn um áhleypingu á húsveitu við veitukerfi hitaveitunnar og að pípulagningameistari hafi skilað inn vottorði um úttekt byggingarfulltrúa á viðkomandi húsveitu. Sækja skal um áhleypingu á húsveitu með minnst fjögurra daga fyrirvara. Engir aðrir en umboðsmenn hitaveitunnar mega hleypa vatni úr heimæð hennar á húsveitu í fyrsta sinn eftir tengingu.

VI. KAFLI

Skilmálar fyrir sölu á heitu vatni.

18. gr.

Upphaf og lok samningstíma um kaup á heitu vatni eru við skráningu tilkynningar þess efnis hjá hitaveitunni.

19. gr.

Hitaveita Fjarðabyggðar ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, sem leiða kann af rekstrartruflunum er verða vegna frosta, rafmagnstruflana, náttúruhamfara eða annarra óviðráðanlegra atvika. Sama á við um óviðráðanlegar breytingar á þrýstingi, hitastigi eða magni orku-miðilsins. Þá ber hitaveitan ekki ábyrgð á tjóni sem verður ef rennsli í vatnsæð er stöðvað um stundarsakir vegna viðgerða eða annarra nauðsynlegra framkvæmda við hitaveituna.

Þurfi að takmarka notkun á hitaorku/heitu vatni um lengri eða skemmri tíma ákveður hitaveitan hvar og hvernig hún skuli takmörkuð. Takmörkunin hefur ekki áhrif á greiðslu fastagjalds (fasts aflgjalds eða mælagjalds).

Stöðvun á rekstri hitaveitunnar eða hluta hennar vegna viðhalds eða tenginga skal tilkynna fyrirfram ef unnt er og koma á eðlilegum rekstri aftur svo fljótt sem verða má.

20. gr.

Mæling.

Hitaveitunni er ekki skylt að greiða bætur vegna takmörkunar á afhendingu varmaorku og/eða lækkunar á hitastigi.

21. gr.

Hitaveitunni er heimilt að semja sérstaklega um afnot af heitu vatni utan almennra sölu-skilmála. Slíkir samningar skulu ætíð háðir samþykki bæjarstjórnar Fjarðabyggðar.

22. gr.

Hitaveituvatn sem runnið hefur í gegnum húsveitu eða í gegnum varmaskipti húsveitu er eign hitaveitunnar. Stjórn hitaveitunnar getur heimilað notkun hitaveituvatns með sérstökum samningi við notanda. Frágangur lagna og búnaðar vegna slíkrar notkunar skal vera samkvæmt fyriræmum hitaveitunnar.

Óheimilt er að tengja vatnsdælur, varmadælur og/eða annan slíkan búnað við bakrennslið, nema að um það sé gerður samningur milli hitaveitunnar og notanda.

23. gr.

Kaupendum er óheimil endursala á hitaorku/heitu vatni án skriflegs samþykkis hitaveitunnar.

24. gr.

Hitaveitan lætur leggja og á allar lagnir veitukerfisins, aðveituæðar, stofnæðar, dreifiæðar, götuæðar svo og heimæðar inn fyrir húsveggi ásamt inntakslokum, inntakssíum, rennslismæli og únionum við inntakssíur.

25. gr.

Hitaveitan annast lagningu eigin veitukerfis og tengingu við húsveitu húseiganda. Við slíka framkvæmd skal halda raski í lágmarki og ganga þrífalega um. Jafnframt skal hitaveitan færa allt til fyrra horfs eins og við verður komið.

Hitaveitan ákveður staðsetningu mælagrindar og inntaks í samráði við húseiganda. Húseigandi á ekki kröfu um sérstaka greiðslu fyrir óþægindi vegna lagningar veitukerfisins.

26. gr.

Húseigandi skal bera kostnað við breytingu á húsveitu vegna tengingar við hitaveituna. Húseigandi kostar breytingar á heimæðum sem nauðsynlegar eru vegna framkvæmda hans við hús sitt eða lóð.

Húseigandi skal fyrirfram sækja um leyfi til hverra þeirra framkvæmda, sem kunna að hafa í för með sér röskun á veitukerfi hitaveitunnar.

VII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

27. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari svo og gjaldskrá settri skv. henni má innheimta með fjárnámi.

28. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggi við að lögum.

29. gr.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Fjarðabyggðar er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytinu, 28. september 2005.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Fjarðabyggðar.

1. gr.

Hitaveita Fjarðabyggðar selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu skv. verðskrá þessari og reglugerð hitaveitunnar fyrir heitt vatn.

2. gr.

Ekki er takmarkaður aðgangur húsveitu að heitu vatni umfram það sem heimæð og veitukerfi gera. Hitaveitu Fjarðabyggðar er heimilt að setja upp búnað hjá notanda, sem tryggir aðra notendur gegn óeðlilegum þrýstibreytingum og er starfsmönnum veitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.

3. gr.

Reikningar birtast í heimabönkum þeirra sem nýta sér slíka þjónustu, en þar birtast ógreiddir reikningar. Hægt er að greiða þá á auðveldan hátt. Seðilgjald kr. 187 leggst á útsenda prentaða reikninga en hægt er að komast hjá gjaldinu með því að nýta greiðslukort-þjónustu eða beingreiðslur í banka.

4. gr.

Reikninga skal greiða á eindaga, annars sendist út tilkynning um vanskil og leggjast þá vextir við skuldina. Þeir reikningar sem ekki greiðast innan þeirra tímamarka verða sendir til innheimtuaðila.

5. gr.

Hitaveitugjöld eru krafín mánaðarlega. Áætlunarreikningur er sendur út 11 mánuði ársins en hann byggir á fyrri notkun. Einu sinni á ári er sendur uppgjörreikningur sem er byggður á álestri og er hann uppgjör á þeim áætlunarreikningum sem sendir hafa verið.

6. gr.

Húseigandi eða sá sem skráður er fyrir mæli er ábyrgur fyrir því að tilkynna flutning og er ábyrgur fyrir orkunotkun þar til tilkynning um annan notanda hefur verið móttækin hjá hitaveitunni.

7. gr.

Verð fyrir afnot af heitu vatni er eftirfarandi:

A. Samkvæmt vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns:

Grunnverð kr.	Vsk. kr.	Samtals kr.
100	6,58	106,5

Þeir notendur sem tengjast veitukerfinu í upphafi og þurfa að skipta út rafmagnspilofnum þegar þeir tengjast veitunni, fá 35% afslátt af vatnsgjaldi í tvö ár frá tengimánuði að telja. Þetta afsláttartímabil stendur þó aldrei lengur en til ársloka 2007 en þá er miðað við að allir notendur hafi átt kost á tengingu fyrir árslok 2005.

B. Mælagjald – fast gjald.

Mælir	Grunnverð kr./dag	Vsk. kr./dag	Samtals kr./dag	Ársgrundvöllur kr.
15 og 20 mm	37,00	2,43	39,43	14.394
25 mm	151,00	9,94	160,94	58.742
32 mm	292,00	19,21	311,21	113.593
40 mm	593,00	39,02	632,02	230.687
50 mm	1.144,00	75,28	1.219,28	445.035

Virðisaukaskattur. Virðisaukaskattur á húshitun er 14%. Endurgreidd eru 53% af álögðum virðisaukaskatti og er því vsk. 6,58%.

Um afnot á vatni hitaveitu til annarra nota en húshitunar gilda sérstök gjöld sem ákveðin eru hverju sinni en þó með hliðsjón af gjaldskrá hitaveitunnar.

C. Önnur gjöld:

Umbeðinn aflestur af mælum	1.500 kr. m. vsk
Lokunargjald	2.000 kr. m. vsk
Seðilgjald	187 kr. m. vsk
Skiptigjald	2.500 kr. m. vsk

Innheimtugjald með vsk. er í höndum innheimtuaðila.

8. gr.

Bráðabirgðaheimlagnir.

Lengdargjald er greitt fyrir hvern metra í heimlögn sem lögð er til bráðabirgða. Ef bráðabirgðaheimlögn verður síðar notuð sem aðalheimlögn fyrir hús, greiðist ekkert lengdargjald vegna bráðabirgðatengingar. Bráðabirgðaheimlagnir skulu aflagðar innan 24 mánaða frá tengingu þeirra.

Stofngjald:

Lögn	Grunnverð kr.	Vsk. kr.	Samtals kr.
20 mm	17.800	1.171	18.971
25 mm	22.500	1.481	23.981
32 mm	23.250	1.530	24.780

Lengdargjald:

20 mm kr./metra	2.500	165	2.665
25 mm kr./metra	3.200	211	3.411
32 mm kr./metra	3.200	211	3.411

9. gr.

Aðalheimæðar – heimtaugagjöld:

Fyrir íbúðarhúsnæði sem til ársins 2005 hefur notið niðurgreiðsu á raforku til kyndingar frá ríkinu:

Stofngjald:	Grunnverð kr.	Vsk. kr.	Samtals kr.
Allt að 1.200 m ³	180.000	11.844	191.844
1.201 – 2.600 m ³	350.000	23.030	373.030
2.601 – 4.000 m ³	490.000	32.242	522.242
4.001 – 10.400 m ³	860.000	56.588	916.588
10.401 m ³ og stærri	1.430.000	94.094	1.524.094

Fyrir annað húsnaði sem ekki hefur notið niðurgreiðslu á raforku til kyndingar:

Stofngjald:	Inntaksgjald kr.	Grind og búnaður kr.	Vsk. kr.	Samtals kr.
Allt að 1.200 m ³	201.000	178.270	24.956	404.226
1.201 – 2.600 m ³	287.000	262.713	36.171	585.885
2.601 – 4.000 m ³	305.000	384.688	45.381	735.069
4.001 – 10.400 m ³	355.000	412.835	50.524	818.359
10.401 m ³ og stærri	398.000	890.000	84.750	1.372.750

Verð heimtaugagjalda í nýjum húsum og nýbyggingum skal taka mið af áætluðum kostnaði hverju sinni. Í fullfrágengu hverfi er heimlagnagjald fyrir nýja eða endurnýjaða heimlögn ákveðið samkvæmt kostnaðaráætlun. Heimæð hitaveitu liggur frá götulögn eða tengibrunni og inn fyrir húsvegg húsveitu að inntaksloka.

Aukagjald fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta skal vera 15.987 kr. m/vsk.

10. gr.

Lengdargjald í dreifbýli skal vera samkvæmt kostnaði en lengdargjald í þéttbýli er 4.400 kr. m/vsk. og er greitt fyrir hvern metra umfram 20 metra innan lóðamarka.

11. gr.

Önnur atriði til skýringa:

Stærð heimlagnar fer eftir hússtærð og starfsemi sem þar er áætluð. Húseigandi og hönnuður ákveða stærð heimlagna en hitaveita Fjarðabyggðar ákveður lágmarksstærð heimlagna fyrir íbúðarhús.

Eigandi íbúðarhúss/fyrirtækis þarf að sækja tímanlega um heimlögn á þar til gerðu eyðublaði, hvort sem um er að ræða nýja heimlögn, færslu, breytingu eða stækkun á eldri heimlögn. Teikningar skulu fylgja umsókn.

Heimlagnargjald skal greitt fyrir hverja heimlögn er tengir húsveitu við kerfi veitunnar. Heimlagnargjald skal greitt áður en vinna við lagningu hefst.

Þegar heimlögn er stækkuð eða þegar heimlögn er breytt samkvæmt beiðni viðskiptavinar, skal greiða fyrir breytinguna skv. samkomulagi og skal tekið mið af raunkostnaði við breytinguna.

Heimilt er að veita afslátt af tengigjöldum ef tengikostnaður er sannanlega lægri en gjaldskrá miðar við.

Heimilt er að leggja álag á tengigjald ef tengikostnaður er sannanlega hærri en gjaldskrá miðar við.

Gjaldldagi orkureikninga er 5 dögum eftir útgáfudag og eindagi 10 dögum síðar. Gjaldldagi heimtaugagjalda og annarra gjalda er 15 dögum eftir útgáfudag reikninga og eindagi 10 dögum síðar.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af bæjarráði Fjarðabyggðar, er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytinu, 28. september 2005.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 9/2005 um reglur ríkisskattstjóra um lækkun fyrirframgreiðslu sérstaks tekjuskatts ársins 2006.

Á árinu 2006 verður sérstakur tekjuskattur lagður á tekjur ársins 2005 samkvæmt ákvæði til bráðabirgða a. IX í lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 12. gr. laga nr. 143/2003 um tekjuskatt og eignarskatt.

Fyrirframgreiðsla upp í væntanlega álagningu sérstaks tekjuskatts ársins 2006 skal fara fram með fimm jöfnum mánaðarlegum greiðslum mánuðina ágúst 2005 til desember 2005. Fyrirframgreiðslan er ákveðin við álagningu á árinu 2005 og skal vera 2% af tekjuskattstofni umfram 4.191.686 kr. hjá einstaklingi og 8.383.372 kr. hjá hjónum samkvæmt skattframtali ársins 2005 vegna tekna á árinu 2004. *Greiðsluskyldum aðila er heimilt að sækja um lækkun fyrirframgreiðslu sem honum hefur verið gert að greiða, enda sýni hann fram á að veruleg tekjulækkun hafi orðið hjá honum milli áráanna 2004 og 2005.*

Ríkisskattstjóri hefur sett eftirfarandi reglur um umsóknir og forsendur fyrir lækkun fyrirframgreiðslu sérstaks tekjuskatts ársins 2006:

1. gr.

Umsókn um lækkun fyrirframgreiðslu ársins 2006 skal vera skrifleg og rökstudd með nauðsynlegum gögnum, þar sem sýnt er fram á að tekjur ársins 2005 muni lækka verulega miðað við tekjuskattstofn umsækjanda við álagningu 2005 á tekjur ársins 2004.

Umsóknin skal hafa borist skattstjóra fyrir 28. febrúar 2006.

2. gr.

Skattstjóri skal taka umsókn til greina og lækka þegar ákvarðaða fyrirframgreiðslu ef ætla má að greiðsluskylda sé að minnsta kosti 30.000 kr. hærri en yrði við álagningu 2006, ef miðað væri við framlagða tekjuáætlun ársins 2005, sbr. 1. gr.

3. gr.

Skattstjóri skal úrskurða um umsókn skv. 1. gr. innan 15 daga frá móttöku hennar.

Ákvörðun skattstjóra er kæránleg til ríkisskattstjóra innan 30 daga frá dagsetningu úrskurðar skattstjóra. Ríkisskattstjóri skal kveða upp úrskurð sinn innan 15 daga frá því kæra barst honum og skal úrskurður hans vera endanleg úrlausn málsins á stjórnarsýslustigi.

4. gr.

Reglur þessar eru settar með vísan til 8. mgr. ákvæðis til bráðabirgða a. IX í lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 12. gr. laga nr. 143/2003 og öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 8. október 2005.

Ingvar J. Rögnvaldsson vararíkisskattstjóri.

AUGLÝSING

um nýtt deiliskipulag frístundabyggðar Hellisvalla, 1. áfanga, Hellnum, Snæfellsbæ.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 25. ágúst 2005 nýtt deiliskipulag fyrir frístundabyggð Hellisvalla, 1. áfanga, Hellnum, Snæfellsbæ.

Deiliskipulagið felst í að reist verða 17 frístundarhús innan þéttbýlisins á Hellnum í landi Hellisvalla.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Snæfellsbæ, 10. október 2005.

Smári Björnsson byggingarfulltrúi.

AUGLÝSING

um deiliskipulag iðnaðarsvæðis við Innra Klif, Ólafsvík, Snæfellsbæ.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 8. september 2005 deiliskipulag fyrir iðnaðarsvæðið við Innra Klif, Ólafsvík, Snæfellsbæ. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir nýju iðnaðarhverfi við Innra Klif, Ólafsvík, Snæfellsbæ. Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Snæfellsbæ, 4. október 2005.

Smári Björnsson byggingarfulltrúi.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Valla 2. áfanga, Drekvallir 18, Hafnarfirði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 30. ágúst 2005 breytingu á deiliskipulagi Valla 2. áfanga, Drekvallir 18, Hafnarfirði. Breytingin felst m.a. í að húsið hækkar úr 8 hæðum í 9. Fjöldi íbúða fer úr 32 í 34. Farið var með breytinguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og tæknisviði Hafnarfjarðar, 3. október 2005.

Gunnhildur Gunnarsdóttir arkitekt.

GJALDSKRÁ

aukastöðugjalda og stöðubrota á Akureyri.

1. gr.

Í samræmi við 29. gr. samþykktar um bifreiðastæðasjóð Akureyrar nr. 783/2005 er gerð svofelld breyting á gjaldtöku vegna aukastöðugjalda og stöðubrota.

2. gr.

Aukastöðugjald er kr. 1.500.

Gjald vegna stöðubrota er kr. 1.500.

3. gr.

Veittur er 500 kr. afsláttur ef aukastöðugjald og gjald vegna stöðubrota er greitt innan 2ja virkra daga.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 2. mgr. 83. gr. og 108. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar, 4. október 2005.

Inga Þöll Þórgnýsdóttir bæjarlögmaður.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykktum Veiðifélags Blöndu og Svartár nr. 389/2005.

1. gr.

Við 1. gr. samþykktanna bætist eftirfarandi málsgrein:

Heimilt er að starfrækja sjálfstæðar deildir innan félagsins eftir samþykkt aðalfundar þar um.

2. gr.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 52. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, ásamt síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytinu, 6. október 2005.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Atli Már Ingólfsson.

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 939/2003 um útreikning, endurreikning og uppgjör tekjutengdra bóta og vistunarframlags frá Tryggingastofnun ríkisins.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr.:

- a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Komi í ljós veruleg breyting á aðstæðum bótaþega eða maka hans innan bótagreiðsluárs og breytingin hefur áhrif á rétt til bóta eða fjárhæð greiðslna skal breyta útreikningi bóta frá og með næsta mánuði eftir að aðstæður breytast.
- b. Nýr málslíður bætist við 2. mgr. er orðast svo: Ef sýnt er að bótaþegi hefur að fullu nýtt allan mögulegan bótarétt ársins skal stöðva greiðslu bóta til hans og tilkynna honum um stöðvunina.

2. gr.

6. gr. orðast svo:

6. gr.

Frádráttur af bótum áður en uppgjör fer fram.

Ef sýnt er að bótaþegi hefur fengið svo verulega ofgreiddar bætur innan bótagreiðsluárs að hann hefur að fullu nýtt allan mögulegan bótarétt ársins, sbr. 2. mgr. 5. gr., og fyrir liggur ofgreiðsla bóta sem ekki næst að ljúka á því ári, er heimilt að hefja frádrátt af greiðslum næsta árs á eftir, áður en endurreikningur og uppgjör bóta hefur farið fram.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 10. gr., sbr. 66. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, 2. mgr. 15. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, og 29. gr. laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 4. október 2005.

Jón Kristjánsson.

Vilborg Þ. Hauksdóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Syðri-Brú í Grímsnesi, deiliskipulag frístundabyggðar.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps þann 2. febrúar 2005 deiliskipulag í landi Syðri-Brúar í Grímsnesi.

Gert er ráð fyrir 92 frístundalóðum á 140 ha sem eru innan skipulagsmarka. Skipulags-svæðin eru tvö, 120 ha austan þjóðvegur en um 20 ha við Sogið vestan þjóðvegur.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 7. október 2005.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu,

Arinbjörn Vilhjálmsson.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Hafnarfjarðar, Kirkjuvegur nr. 7, Hafnarfirði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 11. ágúst 2005 breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Hafnarfjarðar, Kirkjuvegur 7 í Hafnarfirði. Breytingin felst m.a. í að byggingarreitur fyrir neðri hæð er stækkaður svo byggja megi garðskála vestan húss. Farið var með breytinguna skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og tæknisviði Hafnarfjarðar, 3. október 2005.

Anna Sofia Kristjánsdóttir arkitekt.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Fljótsdalshéraðs og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 1062/2004.

1. gr.

Fyrsti málsl. 1. mgr. 63. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi: Bæjarstjóri ræður forstöðumenn stofnana í samráði við viðkomandi deildarstjóra og fagnefndir nema lög kveði á um annað.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu.

Félagsmálaráðuneytinu, 4. október 2005.

F. h. r.
Guðjón Bragason.

Þorgerður Benediktsdóttir.

